

Samstæðuársreikningur

Rauði krossinn á Íslandi

2023



Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla stjórnar og áritun stjórnar og skoðunarmanna á ársreikninginn	2
Áritun óháðs endurskoðanda	3 - 4
Rekstrarreikningur ársins 2023	5
Efnahagsreikningur 31. desember 2023	6 - 7
Sjóðstreymi ársins 2023	8
Skýringar	9 - 13

Stjórn Rauða krossins á Íslandi:

Silja Bára R. Ómarsdóttir, formaður
Sigríður Stefánsdóttir, varaformaður
Auðbjörg Brynja Bjarnadóttir
Baldur Steinn Helgason
Elín Ósk Helgadóttir
Gréta María Grétarsdóttir

Ívar Kristinsson
Símon Friðrik Símonarson
Sveinn Þorsteinsson
Valgerður Bláklukka Fjölнисdóttir
Unnsteinn Ingason

Framkvæmdastjóri:

Kristín S. Hjálmtýsdóttir

Endurskoðandi:

Grant Thornton endurskoðun ehf.
Theodór S. Sigurbergsson
löggiltur endurskoðandi

Skýrsla stjórnar og áritun stjórnar og skoðunarmanna

Aðalstarfsemi Rauða krossins á Íslandi er mannúðar- og hjálparstarf.

Samstæðuársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Afkoma Rauða krossins á Íslandi á árinu samkvæmt rekstrarreikningi var jákvæð um 503 millj. kr. Eigið fé í lok árs var 5.145 millj. kr en var 4.642 millj. kr. í upphafi árs. Stjórn Rauða krossins á Íslandi leggur til að rekstrarhagnaði ársins verði ráðstafað til næsta árs. Upplýsingar um stöðugildi og launakostnað má sjá í skýringu 19-20. Að öðru leyti vísast til ársreikningsins varðandi fjárhagsstöðu Rauða krossins og rekstur hans á liðnu ári.

Verkefni landsskrifstofu voru að mestu hefðbundin. Rekstur húsnæðisúrræðis fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd sem hófst haustið 2022 og byggir á samningi við Vinnumálastofnun, hélt áfram allt árið. Félagið hóf starfrækslu neyðarskýlis fyrir fólk sem synjað hefur verið um vernd að ósk félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins. Jarðhræringar og eldgos á Suðurnesjum settu mikinn svip á starfseminu síðustu vikur ársins. Alþjóðasamband Rauða krossins og Rauða hálfmánans veitti félaginu styrk sem var að stórum hluta nýttur í fjárhagslega aðstoð til Grindvíkinga sem eiga um sárt að binda vegna rýmingar að völdum jarðskjálfta og eldgoss. Þá fékk félagið Evrópustyrk til veita flóttafólki sálrænan stuðning.

Afkoma Fatasöfnunar var góð, tekjur jukust og gjöld lækkuðu. Úthlutun á fatnaði til flóttafólks og umsækjenda um vernd hefur aldrei verið meiri. Um 5.500 manns fengu gefins fatnað að verðmæti um 70 milljónir króna.

Sjúkrabílasjóður jók hagnað sinn á milli ára og fjárfesti í 12 nýjum sjúkrabifreiðum.

Verkefni deilda voru með nokkuð hefðbundnu sniði og hagnaður þeirra var samtals 52 milljónir samanborið við 34 milljónir árið áður. Sú breyting varð á árinu í samræmi við samþykkt aðalfundar 2022 að deildir sem eiga nægt fé fá ekki lengur hutdeild í tekjum af söfnunarkössum. Í stað þess fær Verkefnasjóður aukin framlög sem mun efla viðnámsþrótt deildanna í framtíðinni.

Stjórn Rauða krossins á Íslandi og framkvæmdastjóri staðfesta hér með samstæðuársreikning félagsins fyrir árið 2023 með undirritun sinni.

Reykjavík, 3. maí 2024

Stjórn:

Framkvæmdastjóri:

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Rauða krossins á Íslandi.

Alit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi samstæðuársreikning (hér eftir ársreikningurinn) Rauða krossins á Íslandi (hér eftir samstæðan) fyrir árið 2023. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu samstæðunnar á árinu 2023, efnahag hennar 31. desember 2023 og breytingu á handbæru fé á árinu 2023, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla (ISA). Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda. Við erum óháð samstæðunni í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Aðrar upplýsingar

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir öllum upplýsingum sem félagið birtir, jafnt með samstæðuársreikningi sem og öðrum upplýsingum. Álit okkar nær ekki til annarra upplýsinga sem félagið gefur út en tilgreint er hér að ofan. Aðrar upplýsingar teljast til að mynda skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra (ekki umfram það sem álit okkar segir til um hér að neðan). Hvað ábyrgð okkar varðar felst hún í yfirllestri á efni og innihaldi og athugun á því hvort um verulegt ósamræmi sé að ræða milli þeirra og samstæðuársreikningsins.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á samstæðuársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð samstæðuársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi samstæðunnar. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa samstæðuna upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að samstæðuársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanleg vissu er mikil vissu, en ekki trygging þess að endurskoðun sé framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Sem hluti af endurskoðuninni sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, beitum við faglegu mati (e. professional judgment) og viðhöfum faglega tortryggni (e. professional skepticism). Eftirfarandi atriði eru einnig hluti af endurskoðun okkar á ársreikningi samstæðunnar:

Áritun óháðs endurskoðanda - frh.

Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í samstæðuársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé fram hjá innri eftirlitsaðgerðum.

Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits samstæðunnar.

Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.

Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum samstæðuársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að vika frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi samstæðunnar.

Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Öflum fullnægjandi endurskoðunargagna, vegna fjárhagsupplýsinga eininga innan samstæðunnar, til að geta látið í ljós álit á samstæðuársreikningi. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, umsjón og framgangi endurskoðunar samstæðunnar. Við berum ein ábyrgð á álitum okkar á samstæðunni.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Ábending

Án þess að gera fyrirvara við álit okkar viljum við vekja athygli á skýringu 17 þar sem fram koma upplýsingar um eignir utan efnahagsreiknings. Rauði krossinn á Íslandi á 68,76% eignarhlut í sameignarfélaginu Íslandsspilum sf. sem ekki er færður til eignar í efnahag samstæðunnar.

Theodór S. Sigurbergsson

löggiltur endurskoðandi

fyrir hönd Grant Thornton endurskoðunar ehf.

Reykjavík, 3. maí 2024

Rekstrarreikningur ársins 2023

	Skýr.	2023	2022
Rekstrartekjur			
Tekjur af söfnunarkössum	17	384.443	348.875
Tekjur af sölustarfsemi	22	472.358	392.342
Samningsbundin verkefni við ríkið og sveitarfélög	23	1.064.810	1.083.365
Sjúkraflutningar, hlutur sjúklinga og stofnana		575.545	468.330
Frjáls framlög	24	626.139	641.768
Tekjur af fasteignum og aðrar tekjur	25	16.363	15.636
		<u>3.139.658</u>	<u>2.950.317</u>
Fjármunatekjur að frádregnum fjármagnsgjöldum		<u>250.795</u>	<u>4.763</u>
Tekjur til verkefna		3.390.453	2.955.080
Gjöld og framlög til verkefna			
Innlend verkefni	26	979.949	1.025.082
Alþjóðleg verkefni	27	672.867	667.202
Sjúkraflutningar	18, 28	632.751	554.736
Fjáröflun og kynning	29	411.934	444.710
Sameiginlegur kostnaður	30	189.661	165.878
		<u>2.887.162</u>	<u>2.857.609</u>
Tekjur umfram gjöld		<u>503.291</u>	<u>97.471</u>

Efnahagsreikningur

Eignir

	Skýr.	2023	2022
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	6, 12		
Fasteignir		354.136	358.355
Áhöld, tæki og búnaður		211.964	249.452
Bífreiðar		828.704	750.174
		<u>1.394.804</u>	<u>1.357.981</u>
Langtímakröfur og áhættufjármunir:			
Bundnar innstæður og verðbréf hjá deildum		240.153	210.723
Bundnar bankainnstæður varasjóðs	13, 14	338.953	308.820
		<u>579.107</u>	<u>519.543</u>
		<u>1.973.911</u>	<u>1.877.525</u>
Fastafjármunir			
Veltufjármunir			
Birgðir:			
Vörubirgðir	7	1.466	816
Skammtímakröfur:			
Útistandandi tekjur af söfnunarkössum		32.204	30.836
Aðrar skammtímakröfur	8	290.397	280.105
Veltufjármunir varasjóðs:			
Innstæður og verðbréf varasjóðs	13, 14	854.047	884.180
Handbært fé:	9		
Sjóður og bankainnstæður		2.302.594	1.735.450
Skammtímaverðbréf		682.289	643.304
		<u>4.162.996</u>	<u>3.574.691</u>
		<u>4.162.996</u>	<u>3.574.691</u>
		<u>6.136.907</u>	<u>5.452.215</u>
		<u>6.136.907</u>	<u>5.452.215</u>
Eignir alls		<u>6.136.907</u>	<u>5.452.215</u>
Eignir utan efnahagsreiknings	17		

31. desember 2023

Skuldir og eigið fé

	Skýr.	2023	2022
Eigið fé	15		
Bundið eigið fé:			
Varasjóður		1.193.000	1.193.000
Eigið fé bundið í varanl. rekstrarfjárm.		1.394.804	1.357.981
Eigið fé bundið í Sjúkrabílasjóði		1.020.027	815.913
Skilyrt framlög		137.108	58.289
		<u>3.744.939</u>	<u>3.425.183</u>
Óbundið eigið fé			
Óráðstafað eigið fé		1.399.966	1.216.431
		<u>1.399.966</u>	<u>1.216.431</u>
Eigið fé		<u>5.144.905</u>	<u>4.641.614</u>
Skuldbindingar			
Eftirlaunaskuldbinding	16	<u>122.104</u>	<u>113.194</u>
Skuldbindingar		<u>122.104</u>	<u>113.194</u>
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir		331.905	174.175
Óráðstafaðar tekjur til verkefna	32	<u>537.994</u>	<u>523.233</u>
Skammtímaskuldir		<u>869.899</u>	<u>697.408</u>
Skuldir alls		<u>992.002</u>	<u>810.602</u>
Skuldir og eigið fé alls		<u>6.136.907</u>	<u>5.452.215</u>

Sjóðstreymi ársins 2023

	Skýr.	2023	2022
Handbært fé frá rekstri			
Frá rekstri:			
Tekjur umfram gjöld af reglulegri starfsemi		503.291	97.471
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	6, 12	222.932	212.216
Söluhagnaður eigna		(46.353)	(10.021)
Hækkun eftirlaunaskuldbindingar	16	26.689	8.074
		<u>706.558</u>	<u>307.740</u>
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Skammtímakröfur; (hækkun) lækkun		(11.660)	132.827
Birgðabreyting; (hækkun) lækkun		(650)	142
Skammtímaskuldir; hækkun (lækkun)		172.492	50.843
		<u>160.182</u>	<u>183.812</u>
		<u>866.740</u>	<u>491.552</u>
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð og söluverð eigna hjá Sjúkrabílasjóði		(246.453)	(34.756)
Kaupverð og söluverð eigna hjá deildum		32.700	(34.000)
Kaupverð og söluverð eigna hjá Landsskrifstofu		0	(4.090)
Kaupverð og söluverð eigna hjá Fatasöfnun		350	30
Bundnar innstæður og verðbréf deilda		(29.430)	(202.684)
		<u>(242.832)</u>	<u>(275.500)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Afborganir eftirlaunaskuldbindingar	16	(17.780)	(11.708)
		<u>(17.780)</u>	<u>(11.708)</u>
Hækkun á handbæru fé		606.128	204.343
Handbært fé í ársbyrjun		2.378.754	2.174.411
Handbært fé í árslok		<u>2.984.883</u>	<u>2.378.754</u>

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Aðalstarfsemi Rauða krossins á Íslandi er mannúðar- og hjálparstarf.

1. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga. Vikið er frá kröfum ársreikningalaga varðandi meðferð eignarhluta í Íslandsspilum sf. eins og heimilt er samkvæmt 2. mgr. 5. gr. ársreikningalaga. Eignarhlutinn hefur verið utan efnahagsreiknings allt frá stofnun Íslandsspila sf., þar sem starfsemi Íslandsspila sf. er verulega frábrugðin starfsemi Rauða krossins á Íslandi. Í skýringu nr. 17 er gerð nánari grein fyrir þessu. Ársreikningurinn er byggður á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Fjárhæðir eru í þúsundum íslenskra króna.

Grundvöllur samstæðu

2. Ársreikningur samstæðunnar fyrir árið 2023 hefur að geyma ársreikning landskrifstofu, Sjúkrabílasjóðs, Fatasöfnunar Rauða krossins og allra Rauða kross deilda á landinu, sem vísað er til sem samstæðunnar.

Deildir sem innifaldar eru í samstæðunni starfa undir merkjum Rauða Krossins og fylgja reglum og markmiðum hans.

Stöður milli deilda, viðskipti og óinnleystur hagnaður og/eða tap sem myndast hefur af viðskiptum milli þeirra eru felld út í samstæðuársreikningnum.

Erlendir gjaldmiðlar

3. Eignir og skuldir, sem bundnar eru verðlagsvísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla eru færðar í ársreikninginn miðað við verðlag eða gengi í lok ársins. Verðbætur og gengismunur sem myndast eru færð í rekstrarreikning.

Innlausn tekna

4. Tekjur eru færðar í ársreikninginn þegar kröfuréttur myndast.

Frjáls framlög og styrkir eru færð til tekna við greiðslu.

Lotun gjalda

5. Útgjöld eru færð í samstæðuársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

Varanlegir rekstrarfjármunir

6. Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að fráregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundradshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna þar til að niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Fasteignir	33 - 50 ár
Áhöld, tæki og búnaður	5 ár
Bifreiðar	5 - 8 ár

Birgðir

7. Birgðir í efnahagsreikningi eru vegna verslana Kvennadeildar. Þær eru metnar á síðasta innkaupsverði.

Aðrar skammtímakröfur

8. Aðrar skammtímakröfur eru færðar á nafnverði að fráregningu niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Óbein niðurfærsla annarra skammtímakrafna nam 144 millj.kr. í lok ársins en hún nam 116 millj.kr. í ársbyrjun.

Handbært fé

9. Sjóður, bankainnstæður og skammtímaverðbréf teljast til handbærs fjár í efnahagsreikningi og við gerð sjóðstreymis.

Starfsþáttayfirlit

10. Rekstur samstæðunnar skiptist þannig eftir starfsþáttum:

	Lands- skrifstofa	Sjúkra- bílar	Fata- söfnun	Deildir	Innbyrðis viðskipti	Samtals
Tekjur af söfnunarkössum	362.107	0	0	22.336	0	384.443
Tekjur af sölustarfsemi	14.758	0	268.445	197.408	(8.253)	472.358
Samningsb. verk við stjórnvöld	1.049.347	271.420	0	15.463	(271.420)	1.064.810
Sjúkraflutningar	0	575.545	0	0	0	575.545
Frjáls framlög	647.310	0	31.114	193.266	(245.550)	626.139
Framlag RKÍ til sjúkrabíla	0	19.000	0	0	(19.000)	0
Tekjur af fasteignum	1.229	0	0	15.134	0	16.363
Fjármunatekjur	168.986	29.353	3.018	49.437	0	250.795
Framlög til deilda úr verkefnasj.	(36.362)	0	0	0	36.362	0
	<u>2.207.374</u>	<u>895.318</u>	<u>302.578</u>	<u>493.044</u>	<u>(507.861)</u>	<u>3.390.453</u>
Innlend verkefni	736.495	0	84.000	403.611	(244.156)	979.949
Alþjóðleg verkefni	672.866	0	0	0	0	672.866
Sjúkraflutningar	290.420	640.991	0	0	(298.660)	632.751
Fjáröflun, samskipti og kynning	158.275	0	217.736	37.004	(1.080)	411.934
Sameiginlegur kostnaður	153.626	0	0	0	36.035	189.661
	<u>2.011.682</u>	<u>640.991</u>	<u>301.736</u>	<u>440.615</u>	<u>(507.861)</u>	<u>2.887.162</u>
Afkoma	<u>195.692</u>	<u>254.328</u>	<u>842</u>	<u>52.430</u>	<u>0</u>	<u>503.291</u>

11. Efnahagur samstæðunnar skiptist þannig eftir starfsþáttum:

	Lands- skrifstofa	Sjúkra- bílar	Fata- söfnun	Deildir	Innbyrðis viðskipti	Samtals
Varanlegir rekstrarfjármunir	93.957	1.017.389	3.227	280.231	0	1.394.804
Bundnar innstæður og verðbréf	338.954	0	0	240.153	0	579.107
Skammtím akröfur og birgðir	194.986	795.405	25.154	28.485	(719.963)	324.067
Innstæður og verðbréf varasj.	854.047	0	0	0	0	854.047
Handbært fé	1.978.285	260.129	43.494	702.975	0	2.984.883
	<u>3.460.229</u>	<u>2.072.923</u>	<u>71.875</u>	<u>1.251.844</u>	<u>(719.963)</u>	<u>6.136.908</u>
Bundið eigið fé	1.424.064	2.037.415	3.228	280.232	0	3.744.939
Óbundið eigið fé	493.243	0	25.844	880.879	0	1.399.966
Skuldir og skuldbindingar	1.542.921	35.507	42.804	90.733	(719.963)	992.002
	<u>3.460.228</u>	<u>2.072.922</u>	<u>71.876</u>	<u>1.251.844</u>	<u>(719.963)</u>	<u>6.136.907</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir

12. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir, sem reiknaðar eru sem fastur árlegur hundradshluti, greinast þannig:

	Fasteignir	Áhöld, tæki og búnaður	Bifreiðar	Samtals
Samstæða:				
Heildarverð 1.1. 2023	645.461	597.525	1.633.226	2.876.212
Afskrifað áður	(287.106)	(348.074)	(883.052)	(1.518.232)
	<u>358.355</u>	<u>249.451</u>	<u>750.174</u>	<u>1.357.980</u>
Viðbót á árinu	16.000	23.417	235.574	274.991
Selt og niðurlagt á árinu	(3.914)	0	(11.321)	(15.235)
Afskrifað á árinu	(16.306)	(60.903)	(145.723)	(222.932)
Heildareign 31.12. 2023	<u>354.136</u>	<u>211.964</u>	<u>828.704</u>	<u>1.394.804</u>

Afskriftarhlutföll

2-3%

20%

15-20%

Mat á fasteignum skiptist þannig:

	Fasteignamat 31.12. 2023	Brunabótamat 31.12. 2023	Bókfært verð 31.12. 2023
Efstaleiti 9	349.300	493.450	76.663
Rauðarárstígur 33, 6 íbúðir, 50%	189.900	111.415	8.891
Grímseyri 9	8.772	33.300	2.689
Fasteignir deilda	502.710	1.275.868	265.892
	<u>1.050.682</u>	<u>1.914.033</u>	<u>354.136</u>

Innstæður og verðbréf varasjóðs

13. Eignir varasjóðs eru færðar þannig í ársreikningi samstæðunnar:

	Árið 2023	Árið 2022
Bundnar bankainnstæður til langs tíma	338.953	308.820
Innstæður og verðbréf varasjóðs	<u>854.047</u>	<u>884.180</u>
	<u>1.193.000</u>	<u>1.193.000</u>

14. Yfirlit yfir verðbréfaeign og innstæður varasjóðs:

	Árið 2023	Árið 2022
Innlendir skuldabréfasjóðir	611.624	609.210
Erlendir hlutabréfasjóðir	176.664	152.603
Innlend hlutabréf	787	0
Íbúðabréf	11.214	5.612
Bankabréf og skuldabréf fyrirtækja	53.758	116.755
Bankainnstæður	<u>338.953</u>	<u>308.820</u>
	<u>1.193.000</u>	<u>1.193.000</u>

Eigið fé

15. Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Varasjóður	Annað bundið eigið fé	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Flutt frá fyrra ári	1.193.000	2.232.184	1.216.430	4.641.614
Verkefnasjóður; breyting		78.819	(78.819)	0
Sjúkrabílasjóður; breyting		204.113	(204.113)	0
Varanl. rekstrarfjárm.; breyting		36.823	(36.823)	0
Tekjur umfram gjöld			503.291	503.291
Eigið fé samtals 31.12. 2023	<u>1.193.000</u>	<u>2.551.939</u>	<u>1.399.966</u>	<u>5.144.905</u>

Eftirlaunaskuldbinding

16. Á Rauða krossinum á Íslandi hvílir eftirlaunaskuldbinding vegna eftirlaunaréttinda nokkurra fyrrum starfsmanna. Reiknuð hækkun eftirlaunaréttinda á árinu, sem byggð er á útreikningi tryggingastærðfræðings, er færð í rekstrarreikning og til hækkunar á eftirlaunaskuldbindingunni. Greiddur lífeyrir á árinu er færður til lækkunar á skuldbindingunni. Breytingin á árinu greinist þannig:

	2023	2022
Eftirlaunaskuldbinding í ársbyrjun	113.194	116.829
Breyting áunninna réttinda á árinu	26.689	8.074
Greitt á árinu	<u>(17.780)</u>	<u>(11.708)</u>
Eftirlaunaskuldbinding í árslok	<u>122.104</u>	<u>113.194</u>

Önnur mál

Eignir utan efnahagsreiknings

17. Rauði krossinn á Íslandi á 68,75% eignarhlut í sameignarfélaginu Íslandsspilum sf. Meðeigandi er Slysavarnafélagið Landsbjörg.

Íslandsspil sf. er samstarfsverkefni sem hefur þann tilgang að afla fjár fyrir starfsemi félaganna með ábyrgum rekstri á söfnunarkössum. Hagnaði af rekstri Íslandsspila sf. er að mestu ráðstafað árlega til eigenda og er ráðstöfun ársins færð í rekstrarreikning undir liðnum "Tekjur af söfnunarkössum".

Í árslok 2023 nam eigið fé Íslandsspila sf. 348 millj.kr. og nam því hlutdeild Rauða krossins á Íslandi 239 millj.kr.

Sjúkraflutningar

18. Heildarkostnaður við rekstur Sjúkrabílasjóðs nam 641 millj. kr. á árinu en tekjur af flutningum námu 575,5 millj.kr. Framlag ríkisins vegna verkefnisins nam 271,4 millj. kr. Framlag RKÍ samkvæmt samningi við ríkið nam 19,0 millj. kr. á árinu.

Samkvæmt samkomulagi við ríkið ber Sjúkrabílasjóði að ráðstafa rekstrarafgangi sínum til að mæta rekstrarhalla í framtíðinni.

Laun og launatengd gjöld

19. Laun, launatengd gjöld og starfsmannatengdur kostnaður greinast þannig:

	2023	2022
Laun landsskrifstofu og Sjúkrabílasjóðs	463.160	492.989
Laun Farsóttarhús	2.162	86.492
Laun Fjöldahjálparmiðstöð og neyðarskýli	77.930	11.833
Laun sendifulltrúa	25.042	49.980
Laun Fatasöfnunar	69.367	61.788
Laun deilda og athvarfa	188.202	185.147
Launatengd gjöld og annar starfsmannakostnaður	249.366	205.928
	<u>1.075.229</u>	<u>1.094.157</u>

Laun stjórnenda námu 44,2 millj. kr. á árinu 2022 (2022: 39,6 millj. kr.)

20. Stöðugildi hjá Rauða krossinum á Íslandi voru eftirfarandi:

	2023	2022
Efstaleiti 9	45,0	48,1
Farsóttarhús og sóttvarnarhótel	0,1	11,4
Fjöldahjálparstöð og neyðarskýli	9,9	1,8
Deildir og athvörf þeirra	21,4	22,3
Fatasöfnun	9,1	8,7
Sjúkrabílasjóður	2,2	2,2
Sendifulltrúar	2,1	4,1
	<u>89,8</u>	<u>98,6</u>

Þóknun til endurskoðenda

21. Þóknun til ytri endurskoðenda samstæðunnar nam 7,2 millj. kr. (2022: 6,5 millj. kr.)